



Framkvæmdaáætlun 2000

1. Allar aðgerðir ráðsins byggjast á niðurstöðum markvissra rannsókna og eru metnar með tilliti til árangurs.

Huga þarf að:

- Neyslukönnunum meðal ýmissa aldurshópa.
- Gæðabundnum rannsóknum, t.d. á líðan barna og unglunga.
- Rannsóknum til að meta árangur af verkefnum.
- Rannsóknum sem hafnar eru en ekki er lokið við að vinna úr.
- Samstarfi við aðrar opinberar forvarnanefndir og ráð, s.s Tóbaksvarnanefnd, Slysavarnir barna, Heilsueflingu og Manneldisráð um framkvæmd rannsókna.

Áætlun2000:

- Áfengis- og vímuefnaneysla Íslendinga, almenningskönnun.
- Áhættuþættir unglunga, frekari úrvinnsla úr rannsókn Sigrúnar Aðalbjarnard.
- Lífsstílskönnun meðal ungs fólks, 16 - 20 ára.
- Mat á sveitarfélagaverkefni SÁÁ og heilbrigðisráðuneytisins.
- Neyslukönnun meðal nemenda í 8., 9., og 10. bekk grunnskóla.
- Áætlað er að könnun Manneldisráðs "Mataræði barnshafandi kvenna" ljúki á árinu.
- Kynna niðurstöður rannsókna sem víðast.
- Vinna að samræmingu rannsókna með öðrum sem stunda heilbrigðis- og lífsstílsrannsóknir.

2. Ráðið hvetur til almennrar umræðu um áhrif foreldra, leikskólakennara, kennara og annarra sem starfa með börnum á viðhorf barna og unglunga til áfengis- og vímuefnaneyslu.

Huga þarf að:

- kynningu niðurstöðum rannsókna um áhrif uppeldisaðferða og áfengis- og vímuefnaneyslu fullorðinna, sérstaklega foreldra, á það hvort og hvenær unglingar fara að neyta áfengis.
- fræðsluefni við hæfi fyrir mismunandi hópa sem vinna að uppeldi og umönnun barna og unglunga.

Áætlun2000:

- Kynna niðurstöður rannsókna og stefnu Áfengis- og vímuefnaráðs meðal fullorðinna í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum, tómstunda-, æskulýðs- og íþróttafélögum og á vinnustöðum.
- Vinna áfram að þarfagreiningu og úrvinnslu úr henni í rýnihópum og kynna niðurstöður hópanna sem víðast.
- Vinna að endurskoðun og gerð fræðsluefnis fyrir mismunandi hópa í samvinnu við ýmsa sem vinna að uppeldi og umönnun barna og unglunga s.s. starfsfólk leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, tómstunda-, æskulýðs- og íþróttafélöga og síðast en ekki síst foreldra.

3. Ráðið hvetur til þess að innan heilsugæslunnar, uppeldis- og menntastofnana og annars staðar þar sem unnið er með börnum og unglingum sé mótuð vímuvarnastefna við hæfi.

Huga þarf að:

· Menntun starfsfólks, úrræðum sem fyrir hendi eru, viðmóti starfsfólks og fræðslu sem veitt er í vímuvörnum.

Framkvæmd 1999:

· Vímuvarnastefna heilsugæslu verði mörkuð fyrir árslok 2000 - allt frá mæðraskoðun og upp í framhaldsskóla.
· Vímuvarnastefna verði mörkuð við uppeldis- og menntastofnanir fyrir árslok 2000 - allt frá leikskóla og upp í framhaldsskóla - kennarar, námsráðgjafar, forvarnafulltrúar
· Fylgja eftir vímuvarnastefnu íþrótta- og æskulýðshreyfingarinnar um það að íþrótta- og tómstundafélög móti vímuvarnastefnu innan sinna vébanda.

4. Áfengis- og vímuvarnaráð verði búið að koma á fót aðgengilegu, þjónustumiðuðu gagnasafni fyrir 15. apríl 2000.

Huga þarf að:

Samstarfi um upplýsingaflæði á vímuvarnavettvangi.

Framkvæmd 2000:

· Gagnasafn skráð í Feng fyrir 15. apríl
· Upplýsingavefur tilbúinn 15. apríl

5. Úthlutun styrkja úr Forvarnasjóði verði lokið fyrir 1. maí 2000

Huga þarf að:

Niðurstöðum rýnihópa á vegum Áfengis- og vímuvarnaráðs.

Framkvæmd:

· Styrkir til gerðar námsefnis fyrir mismunandi hópa sem sinna uppeldi og umönnun barna og unglunga.
· Styrkir til að móta námskeið fyrir mismunandi hópa sem sinna uppeldi og umönnun barna og unglunga.
· Styrkir til vímuvarnaverkefna sem miða að því að styrkja sjálfsmynd og þroska barna og unglunga þannig að það stuðli að heilbrigðu lífsmynstri þeirra og hamli m.a. gegn neyslu á áfengi og öðrum vímuefnum.

6. Ráðið taki afstöðu til hugmynda um breytingar á lögum og reglum um áfengissölu í landinu fyrir 1. apríl 2000.

Huga þarf að:

· Aðgengi að áfengi, þ.e. afgreiðslutíma búða og veitingastaða, ríkiseinkasölu, sölu í matvörubúðum.
· Auglýsingum
· Verðlagi
· Áfengiskaupaaldri
· Viðurlögum

Framkvæmd:

Ráðið taki heildræna afstöðu til áfengisvarna og hugmynda um breytingar á lögum og reglum sem miða að því að draga úr skaðsemi af völdum áfengisneyslu í landinu fyrir 1. apríl 2000.

